

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 2. janúar 2013 í máli nr. E-3162/2011:

Kaupþing banki hf.

(Ólafur Finnbogi Haraldsson hrl.)

gegn

Brit Insurance Limited

Great Lakes Reinsurance Plc

Chubb Insurance Company of Europe

Aspen Insurance UK Limited

Axis Specilty Europe Limited

Markel Capital Limited

Chaucer Corp. Capital (No 2)

Argo (No 604) Limited og fyrir hönd allra annarra meðlima í samtökum 3245 (Syndicate 3245) fyrir reikningsárið 2007

Chaucer Corp. Capital Limited og f.h. allra annarra meðlima í samtökum 4000 (Syndicate 4000) fyrir reikningsárið 2007

QBE Corporate Capital

Catlin Syndicate Limited

Antares Underwriting Limited

Alterra Corporate Capital og f.h. allra annarra meðlima í samtökum 1400 (Syndicate 1400) fyrir reikningsárið 2007

QBE Corporate Limited og fyrir hönd allra annarra meðlima í samtökum 386 (Syndicate 386) fyrir reikningsárið 2007.

(Dóra Sif Tynes hdl.)

Mál þetta, sem var þingfest 6. september 2011, er höfðað 28. júní 2011 með áritun Stefáns Þórs Ingimarsson hdl. á stefnu þess efnis að honum sé nægilega birt f.h. allra stefndu sem falið hafi honum að sækja þing við þingfestingu málsins.

Málið var tekið til úrskurðar 9. nóvember sl. Gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála áður en úrskurður var kveðinn upp en ákvæðið hefur verður talið gilda um úrskurði þar sem afstaða er tekin til frávísunarkröfu stefnda og málflytningur hefur farið fram af því tilefni samkvæmt 2. mgr. 100. gr. laganna.

Stefnandi er Kaupþing banki hf. kt. 560882-0419, Borgartúni 26, Reykjavík.

Stefndu eru Brit Insurance Limited, 55 Bishopsgate, London, EC2N 3AS, Great Lakes Reinsurance (UK) Plc, Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London, EC3M 3AJ, Bretlandi, Chubb Insurance Company of Europe SE, 106 Fenchurch Street, London, EC3M 5JB; Aspen Insurance UK Limited, 30 Fenchurch Street, London, EC3M 3BD, Bretlandi; AXIS Specialty Europe Limited, 4th Floor, Plantation Place South, 60 Great Tower Street, London, EC3R 5AZ, Bretlandi, svo og eins og segir í stefnu tiltekin samtök váttryggjenda Lloyd's sem stefnandi segir að tilgreina beri sem stefndu með eftirfarandi hætti: Markel Capital Limited sem eina meðlimnum í samtökum 3000 (Syndicate 3000) fyrir reikningsárið 2007 (for the 2007 year of account), Markel Syndicate Management Limited, The Markel Building, 49 Leadenhall Street, London, EC3A 2EA, Bretlandi; Chaucer Corporate Capital (No 2) Limited sem eina meðlimnum í samtökum 1084 (Syndicate 1084) fyrir reikningsárið 2007 (for the 2007 year of account), Chaucer Syndicates Limited, Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London, EC3M 3AD, Bretlandi; Argo (No 604) Limited sjálfu og fyrir hönd allra annarra meðlima í samtökum 3245 (Syndicate 3245) fyrir reikningsárið 2007 (for the 2007 year of account), Argo Managing Agency Limited, Exchequer Court, 33 St Mary Axe, London, EC3A 8AA, Bretlandi; Chaucer Corporate Capital (No 2) Limited sjálfu og fyrir hönd allra annarra meðlima í samtökum 4000 (Syndicate 4000) fyrir reikningsárið 2007 (for the 2007 year of account), Chaucer Syndicates Limited, Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London, EC3M 3AD, Bretlandi; QBE Corporate Limited sem eina meðlimnum í samtökum 1886 (Syndicate 1886) fyrir reikningsárið 2008 (for the 2008 year of account), QBE Underwriting Limited, Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London, EC3M 3BD, Bretlandi; Catlin Syndicate Limited sem eina meðlimnum í samtökum 2003 (Syndicate 2003) fyrir reikningsárið 2008 (for the 2008 year of account), Catlin Underwriting Agencies Limited, 20 Gracechurch Street, London, EC3V 0BG, Bretlandi; Antares Underwriting Limited sem eina meðlimnum í samtökum 1274 (Syndicate 1274) fyrir reikningsárið 2008 (for the 2008 year of account), Antares Managing Agency Limited, 10 Lime Street, London, EC3M 7AA, Bretlandi; Alterra Corporate Capital 2 Limited sjálfu og fyrir hönd allra annarra meðlima í samtökum 1400 (Syndicate 1400) fyrir reikningsárið 2007 (for the 2007 year of account), Alterra At Lloyd's Limited, 70 Gracechurch Street, London, EC3V 0XL, Bretlandi; QBE Corporate Limited sjálfu og fyrir hönd allra annarra meðlima í samtökum 386 (Syndicate 386) fyrir reikningsárið 2007 (for the 2007 year of account), QBE Underwriting Limited, Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London, EC3M 3BD, Bretlandi

Fyrirsvarsmenn aðila eru samkvæmt stefnu: Fyrirsvarsmaður stefnanda er Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilanevndar Kaupþings banka hf, Borgartúni 26, 105 Reykjavík. Fyrirsvarsmaður stefnda Brit Insurance Limited, er Dane Doutil, framkvæmdastjóri, Brit Insurance Limited, 55 Bishopsgate, London, EC2N 3AS, Bretlandi. Fyrirsvarsmaður stefnda Great Lakes Reinsurance (UK) Plc, er Peter Göschl, framkvæmdastjóri, Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London, EC3M 3AJ, Bretlandi. Fyrirsvarsmaður stefnda Chubb Insurance Company of Europe SE, er Michael Casella, framkvæmdastjóri, 106 Fenchurch Street, London, EC3M 5JB, Bretlandi. Fyrirsvarsmaður stefnda Aspen Insurance UK Limited, er Chris O'Kane, framkvæmdastjóri, 30 Fenchurch Street, London, EC3M 3BD, Bretlandi. Fyrirsvarsmaður stefnda Axis Specialty Europe Limited, er John Charman, framkvæmdastjóri, 4th Floor, Plantation Place South, 60 Great Tower Street, London, EC3R 5AZ, Bretlandi. Fyrirsvarsmaður stefnda Markel Capital Limited, er Andrew John Davies, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri (Director and Chief Executive), Markel Syndicate Management Limited, The Markel Building, 49 Leadenhall Street, London, EC3A 2EA, Bretlandi. Fyrirsvarsmaður stefnda Chaucer Corporate Capital (No 2) Limited, er Kenneth Douglas Curtis, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri (Director and Chief Executive), Chaucer Syndicates Limited, Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London, EC3M 3AD, Bretlandi. Fyrirsvarsmaður stefnda Argo (No 604) Limited, er Andrew John Carrier, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri (Director and Chief Executive), Argo Managing Agency Limited, Exchequer Court, 33 St Mary Axe, London, EC3A 8AA, Bretlandi. Fyrirsvarsmaður stefnda QBE Corporate Limited, er Ian David Beckerson, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri (Director and Chief Executive), QBE Underwriting Limited, Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London, EC3M 3AD, Bretlandi. Fyrirsvarsmaður stefnda Catlin Syndicate Limited, er Neil Andrew Freshwater, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri (Director and Chief Executive), Catlin Underwriting Agencies Limited, 20 Gracechurch Street, London, EC3V 0BG, Bretlandi. Fyrirsvarsmaður stefnda Antares Underwriting Limited, er Richard Anthony Sutlow, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri (Director and Chief Executive), Antares Managing Agency Limited, 10 Lime Street, London, EC3M 7AA, Bretlandi. Fyrirsvarsmaður stefnda Alterra Corporate Capital 2 Limited, er Adam Charles Mullan, stjórnarmaður (Director), Alterra At Lloyd's Limited, 70 Gracechurch Street, London, EC3V 3BD, Bretlandi.

Í þessum þætti málsins er til úrlausnar hvort málið sæti frávísun, án kröfu, sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991, eða að kröfu stefndu. Einnig er til úrlausnar sú krafa beggja aðila að gerð verði breyting á tilgreiningu stefndu frá því er greinir í stefnu, nánar tiltekið að stefndu ónafngreindir meðlimir í Syndicate 3245, Syndicate 4000, Syndicate 1400 og Syndicate 386 allt vegna reikningsársins 2007, verði tilgreindir sem stefndu með nafni og heimilisfangi. Um er að ræða lista sem stefnandi lagði fram 9. nóvember sl. og sagði vera heildarlista yfir alla stefndu, þ.á m. meðlimi svokallaðra Syndicate samtaka, sem ekki hefðu verið tilgreindir með nafni í stefnu.

Í þessum þætti málsins krefjast stefndu frávísunar málsins og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins. Til vara krefjast stefndu að hvor aðili um sig beri kostnað af þessum þætti málsins. Stefnandi krefst þess að málinu verði ekki vísað frá dómi og stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu að mati dómsins en til vara að málskostnaður verði felldur niður.

I

Stefnandi hefur höfðað mál þetta til viðurkenningar á eftirfarandi dómkröfum:

Aðallega að viðurkennt verði að stefndu sé skylt að selja stefnanda 36 mánaða tilkynningafrest í samræmi við greinar A3 og A4 í kafla 3 í váttryggingarskilmálum tryggingar stefnanda, sem ber heitið Directors' and Officers' Liability Insurance (frumtrygging nr. WB 103500X og aukatrygging nr. WB 103501X), með gildistíma frá 1. apríl 2008 til 1. apríl 2009, gegn greiðslu á iðgjaldi í samræmi við grein A4 í kafla 3 í váttryggingarskilmálunum.

Til vara að viðurkennt verði að stefndu sé skylt að selja stefnanda allt að 72 mánaða tilkynningafrest í samræmi við grein A8 í kafla 3 í váttryggingarskilmálum tryggingar stefnanda, sem ber heitið Directors' and Officers' Liability Insurance (frumtrygging nr. WB 103500X og aukatrygging nr. WB 103501X), með gildistíma frá 1. apríl 2008 til 1. apríl 2009, gegn greiðslu á iðgjaldi í samræmi við grein A8 í kafla 3 í váttryggingarskilmálunum.

Þá krefst stefnandi þess að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu in solidum úr hendi stefndu, auk virðisaukaskatts á dæmdan málskostnað.

Dómkröfur stefnanda eru byggðar á ábyrgðartryggingu stjórnenda sem hann kveðst hafa keypt fyrir milligöngu váttryggingamiðlunarinnar Howden Insurance Brokers Ltd. (Howden). Um sé að ræða frumtryggingu nr. WB 103500 X og viðbótartryggingu nr. WB 103501 X. Váttryggingin hafi verið í gildi frá 1. apríl 2008 til 1. apríl 2009 og váttryggjendur samkvæmt tryggingunni hafi verið stefndu. Stefndu séu váttryggjendur samkvæmt henni og áhætta þeirra vegna tryggingarinnar dreifist á þá í ákveðnum hlutföllum samkvæmt framlögðu yfirliti á ensku sem stefnandi kveðst hafa fengið sent frá lögmanni Howden.

Um aðild stefndu segir stefnandi að stefndu séu váttryggjendur samkvæmt fyrrgreindri stjórnendatryggingu. Váttryggjendurnir séu annars vegar nánar tilgreind váttryggingafélögum og hins vegar samtök váttryggjenda sem starfi undir merkjum Lloyd's (e. Lloyd's syndicates). Eins og útskýrt sé í bréfi bresku lögmannsstofunnar Addleshaw Goddard frá 6. október 2010 til lögmannna stefnanda hafi slík samtök ekki stöðu lögaðila, heldur sé um að ræða hóp meðlima sem hafa ákveðið að taka þátt í tilteknum samtökum fyrir ákveðið tímabil og geti meðlimir bæði verið einstaklingar eða skráð félög. Þar sem slík samtök séu ekki viðurkennd sem lögaðilar í Bretlandi og njóti þar af leiðandi ekki aðildarhæfis sé ekki unnt að stefna einstökum samtökum með beinum hætti. Samkvæmt breskum rétti sé hver einstakur meðlimur bær til þess að vera í fyrirsvari fyrir aðra meðlimi samtakanna og dómur á einn meðlim sem stefnt hafi verið sjálfs síns vegna og fyrir hönd allra annarra meðlima viðkomandi samtaka (Syndicate) bindi alla meðlimi samtakanna. Umrætt bréf, sem er á ensku, var lagt fram af hálfu stefnanda við þingfestingu málsins.

Fram kemur í stefnu að lögmennt stefndu hafi samþykkt að skrifa upp á stefnuna í málinu fyrir hönd allra stefndu gegn því skilyrði að stefndu og fyrirvarsmenn

stefndu yrðu tilgreindir með þeim hætti og í samræmi við þær upplýsingar sem þeir útveguðu. Jafnframt hafi stefndu fallist á að mótmæla hvorki aðild né fyrirsvari eins og það sé tilgreint í stefnu þessari enda sé það í samræmi við þær upplýsingar sem stefndu hafi lagt til.

Í stefnu er því lýst að samkvæmt váttryggingarskilmálum taki váttryggjendur m.a. að sér að greiða fyrir hönd stjórnarmanna og yfirmanna tjón vegna óréttmætra athafna þeirra í skilningi tryggingarinnar hvort sem er gagnvart þriðja manni eða bankanum sjálfum, svo og að greiða fyrir hönd stefnanda tjón vegna óréttmætra athafna ef bankanum er heimilt eða skylt að halda stjórnarmönnum eða yfirmönnum skaðlausum. Váttryggingin sé byggð á því að eingöngu kröfur sem tilkynntar séu í samræmi við kafla 6 í váttryggingarskilmálum innan 30 daga frá því að tryggingin rennur úr gildi njóti váttryggingarverndar. Þó eigi váttryggður rétt á að kaupa viðbótar tilkynningarfrest í samræmi við kafla 3 í váttryggingarskilmálum og hafi váttryggingartaki þá lengri tíma til að skila inn tilkynningum vegna krafna sem njóti þá váttryggingarverndar.

Þá lýsir stefnandi samskiptum sínum við Howden fyrir hönd váttryggjenda í kjölfar þess að Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar stefnanda 9. október 2008 og að nýr banki, Nýja Kaupþing hf., var stofnaður 21. október 2008 sem tók yfir hluta af starfsemi stefnanda. Með tölvubrési, dags. 2. mars 2009, hafi stefnandi óskað eftir því að váttryggingamiðlunin Howden hefði samband við váttryggjendur í því skyni að óska eftir endurnýjun á tryggingunni. Jafnframt hafi verið tekið fram að ef ekki yrði fallist á endurnýjun tryggingarinnar þá krefðist stefnandi þess að fá keyptan 36 mánaða viðbótar tilkynningarfrest í samræmi við greinar A3 og A4 í kafla 3 í váttryggingarskilmálum.

Þá eru í stefnu rakin bréfaskipta stefnanda við Howden og váttryggjendur sem stefnandi segir að sýni að váttryggjendur hafi ekki fengist til að taka endanlega afstöðu til þess hvort samruna/yfirtöku ákvæðið váttryggingarskilmálanna eigi við vegna þeirra breytinga á stöðu bankans sem áttu sér stað í október 2008. Né heldur hafi váttryggjendur fengist til að staðfesta rétt stefnanda til að kaupa 36 mánaða viðbótar tilkynningarfrest, svo sem óskað hefur verið eftir áður en tryggingin hafi fallið úr gildi, og ekki veitt upplýsingar um hvernig inna beri greiðslu af hendi. Þessu geti stefnandi ekki unað, enda hafi stefnandi verulega fjárhagslega hagsmuni af því að fá staðfest að samruna/yfirtöku ákvæðið eigi ekki við og að staðfestur verði réttur bankans til að kaupa viðbótar tilkynningarfrest.

Stefnandi heldur því fram að öll skilyrði til að hann geti keypt 36 mánaða tilkynningarfrest séu uppfyllt og því beri að fallast á aðalkröfu hans. Verði aðalkröfu stefnanda hafnað á þeim grundvelli að samruna/yfirtöku ákvæðið í grein B í kafla 7 eigi við byggir stefnandi á því að ákvæði greinar A8 í kafla 3 mæli fyrir um það með skýrum hætti að stefnandi eigi ótvíráðan rétt til að óska eftir tilboði frá váttryggjendum til kaupa á allt að 72 mánaða viðbótar tilkynningarfresti í samræmi við skýrt orðalag ákvæðis. Ekki sé tímabært að gera beina kröfu um að váttryggjendur geri tilboð á grundvelli greinar A8 í kafla 3 í váttryggingarskilmálum fyrr en úr því hefur verið skorið hvort samruna/yfirtöku ákvæðið eigi við og sé krafan því sett fram til vara. Verði því að líta svo á að skilyrði ákvæðisins um að stefnanda sé heimilt að óska eftir tilboði frá váttryggjendum geti fyrst orðið virkt þegar það liggja fyrir með afdráttarlausum hætti hvort sem er frá váttryggjendum sjálfum eða fyrir atbeina dómstóla hvort samruna/yfirtökuákvæðið eigi við í þessu

máli.

Til stuðnings bæði aðal- og varakröfu kveðst stefnandi telja sig eiga kröfur gegn stjórnendum og/eða starfsmönnum bankans sem falli undir trygginguna og kveðst hafa sent váttryggjendum tilkynningar vegna þessa innan þess viðbótar tilkynningafrests sem hann krefst viðurkenningar á. Stefnandi hafi því verulega hagsmuni af því að slíkur réttur verði viðurkenndur enda sé ljóst að fjöldi krafna hafi komið fram upp á síðkastið sem geti fallið undir trygginguna en of seint sé að tilkynna nema stefnanda verði heimilað að kaupa viðbótar tilkynningafrest.

Um lögsögu og varnarþing vísar til stefnandi til þess að samkvæmt skilmálum trygginganna gildi íslensk lög um ágreining er tengist tryggingunni og íslenskir dómstólar hafi einir lögsögu. Enn fremur komi fram að um trygginguna gildi eingöngu íslensk lög og íslenskar venjur, svo og að allur ágreiningur falli undir lögsögu íslenskra dómstóla. Ekki sé tekin afstaða til þess í hvaða þinghá hér á landi mál skuli sótt en þar sem stefnandi eigi skráð lögheimili í Reykjavík sé málið höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga og meginreglna váttryggingaréttar, þar á meðal um túlkun váttryggingarsamninga. Þá vísast til meginreglna samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Um heimild til þess að höfða viðurkenningarmál er vísað til 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

II

Stefndu byggja frávísunarkröfu sína í fyrsta lagi á því að kröfugerð stefnanda uppfylli ekki skilyrði laga um meðferð einkamála nr. 90/1991 þar sem um lögspurningu sé að ræða. Með kröfugerðinni sé stefnandi eingöngu að óska álitis dómsins, að því er varðar tiltekin réttindi á grundvelli ákvæða váttryggingaskilmála. Úrlausn dómstóla um viðkomandi réttindi sé hins vegar ekki nauðsynleg til úrlausnar um ákveðna dómskröfu enda hafi stefnandi hvorki gert beina kröfu á stjórnendur og yfirmenn né stefndu á grundvelli tryggingarinnar.

Þannig feli framlagðar tilkynningar stefnanda til Howden frá 13. júlí 2010 aðeins í sér tilkynningar um atvik, sem hugsanlega gætu varðað bótaskyldu en ekki ákveðna kröfu undir stjórnendatryggingunni líkt og tiltekið sé í tilkynningunum. Hér verði að hafa í huga að skilmálar váttryggingarinnar snúi að kröfum á stjórnarmenn og yfirmenn. Tryggingin geri greinarmun á milli beinna krafna sbr. gr. VI.A.1.(1) og tilkynningum um fyrirætlanir um kröfugerð eða atvik sem kunni að leiða til kröfugerðar sbr. gr. VI.A.1.(2) og VI.A.1.(3). Í hinum síðarnefndu tilvikum sé gert ráð fyrir að þeim sé fylgt eftir með kröfu síðar og því ekki um eiginlega kröfu að ræða á þeim tímamarki. Stefnandi hafi því aðeins tilkynnt um möguleg tjónsatvik á grundvelli fyrrnefndra ákvæða en ekki gert beina kröfu. Tilkynning um atvik, sem ekki leiði til tjóns, vegna krafna samkvæmt váttryggingunni leiði ekki til neinnar til neinnar skyldu af hálfu stefndu. Auk þess hafi stefnandi ekki sýnt fram á að honum beri eða hafi borið að halda stjórnendum skaðlausum af slíkri kröfu. Stefnandi hafi þannig ekki sýnt fram á að líklegt verði að teljast að hann hafi orðið fyrir fjártjóni

sem sé forsenda þess að viðurkenningarkrafa sé dómtæk.

Stefndu byggja frávísunarkröfu sína enn fremur á því að stefnandi sé í raun að leita álits dómsins um það hvort tiltekin atvik hafi átt sér stað er varði möguleg kaup á tilkynningarfresti samkvæmt fyrrnefndum váttryggingarskilmálum. Af lýsingu stefnanda á samskiptum við lögmennt stefndu, hluta stefndu, sem og váttryggingamiðlara stefnanda, virðist sem stefnandi sé að óska staðfestingar dómsins á því að ákveðin atvik hafi átt sér stað í samskiptum þessara aðila, sem leiði til tiltekinnar réttarstöðu stefnanda og stefndu. Álitsbeiðni þessi sé ekki nauðsynleg til úrlausnar um ákveðna dómkröfu með vísan til þess sem fyrr sagði. Í báðum tilvikum sé um að ræða framsetningu viðurkenningarkröfu sem ekki fái staðist skilyrði 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Í öðru lagi byggja stefndu frávísunarkröfu sína á því að stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Reifun stefnanda á hagsmunum sínum af úrlausn málsins sé takmörkuð en eingöngu stuttlega vísað til þess í stefnu að stefnandi telji sig mögulega eiga kröfur gegn stjórnarmönnum og/eða yfirmönnum stefnanda, sem geti átt undir trygginguna og hafi því fjárhagslega hagsmuni af niðurstöðu í málinu. Stefndu telji hins vegar fyrrgreindar tilkynningar, sem byggja á tilteknum atvikum og greint sé frá í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, ekki fullnægjandi tilgreiningu á kröfu og þar með sennilegu fjártjóni stefnanda. Stefndu hafi ekki gert þær kröfur sem hann telji sig eiga og sé því viðurkenningarkrafa hans í máli þessu einvörðungu álitsbeiðni.

Stefndu hafi enn fremur ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins með vísan til þess að hann hafi ekki þá stöðu samkvæmt váttryggingarskilmálum og að lögum að geta gert kröfu í máli þessu um lengdan tilkynningarfreft. Váttryggingin sé til hagsbóta fyrir stjórnarmenn og yfirmenn stefnanda, sbr. röksemdir stefnanda í stefnu, en ekki stefnanda sjálfan, enda nái hugtakið tjón (e. loss) samkvæmt staflíð I. í II. kafla skilmálanna aðeins til tjóns stjórnarmanna og yfirmanna. Stefndu eigi aðeins réttindi undir váttryggingunni á grundvelli váttryggingarákvæðis 2), í I. kafla um váttryggingarákvæði (e. insuring clauses). Ákvæðið taki til þess að váttryggjendur greiði fyrir hönd stefnanda tjón vegna kröfu sem beinist að stjórnarmönnum og/eða yfirmönnum stefnanda, sem hann hefði annars mátt eða verið skylt að lögum, hvort heldur er settum lögum eða dómafordæmum, að ábyrgjast skaðleysi stjórnarmanna og yfirmanna. Hvergi í stefnu sé kröfu af þeim toga lýst og ekki sé sýnt fram á að stefnanda bæri að íslenskum lögum að halda stjórnendum sínum skaðlausum vegna slíkrar kröfu.

Þá halda stefndu því fram að stefnanda standi ekki til boða úrræði 44. og 46. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 við kröfugerð á hendur váttryggjanda, þ.e. að gera beina kröfu á hendur stefndu, þar sem ekki sé unnt að líta á hann sem tjónþola í skilningi framangreindra ákvæða. Stefndu telja reyndar að stefnandi geti yfir höfuð ekki gert kröfu sem viðkemur tryggingunni, hvort heldur er á hendur stjórnarmönnum eða yfirmönnum eða beint á stefndu, í ljósi þess að hann er váttryggingartaki en váttryggingin sé til hagsbóta fyrir stjórnendur en ekki stefnanda sjálfan. Tryggingunni sé ætlað að veita stjórnarmönnum og yfirmönnum váttryggingavernd en ekki váttryggingartaka sjálfum. Auk þess sé ótækt að stefnandi, sem sé váttryggingartaki sem hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt samningi, m.a. hvað varðar upplýsingaskyldu og yfirlýsingar, geti sjálfur gert kröfu í tryggingu

sem tekin hafi verið fyrir stjórnendur vegna tjóns sem hann hafi sjálfur verið valdur að og/eða kunni að bera ábyrgð á. Hér verði að hafa í huga almenn sjónarmið skaðabótaréttar, þess efnis að annar aðili en tjónvaldur þurfi að hafa orðið fyrir tjóni, en ekki að þetta sé sami aðilinn. Í máli þessu sé stefnandi valdur að og/eða ábyrgur fyrir því tjóni sem af hlaust, m.a. á grundvelli sjónarmiða um samsömun við stjórnendur sína og yfirmenn, eftir því sem við kunni að eiga.

Í þriðja lagi byggja stefndu frávísunarkröfu sína á því að kröfugerð stefnanda um viðurkenningu uppfylli ekki kröfur um skýrleika sem áskilið er í 25. gr. og 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, sbr. meginreglur einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað. Í kröfugerðinni sé óskað viðurkenningar á meintri skyldu stefndu til sölu á 36 (eða eftir atvikum 72) mánaða tilkynningarfresti, en skv. eðli sínu verður dómum um viðurkenningu ekki fullnægt með aðför, þar sem í viðurkenningardómum verði ekki mælt fyrir um skyldu stefndu, svo sem kröfugerð stefnanda feli í sér.

Kröfugerð stefnanda feli eingöngu í sér yfirlýsingu um greiðslu á tilheyrandi iðgjaldi, án þess að tilgreina fjárhæð þess. Stefnandi hefði getað tilgreint umrædda fjárhæð, ýmist á grundvelli eigin fyrirbyggjandi gagna eða með því að afla upplýsinga hjá váttryggingarmiðlara sínum. Stefnandi vísar hins vegar með óskýrum hætti til greinar A.4 í III. kafla váttryggingarskilmála en það sé hluti af skýrum og glöggum málatilbúnaði að tilgreina umrædda fjárhæð. Ennfremur verði að horfa til þess að ákvæði gr. III.A.3 fjalli um rétt til að kaupa en ekki skyldu til að selja.

Kröfugerð stefnanda uppfylli auk þess ekki skilyrði laga um skýra kröfugerð þar sem í aðalkröfu sé gerð krafa um 36 mánaða tilkynningarfrest, en til vara um 72 mánaða frest. Gera verði kröfu til þess að stefnandi tilgreini fyrst sína yrustu kröfur og í kjölfarið varakröfu, enda eru kröfur hans sömu tegundar, en með tilvísan í mislangan tilkynningarfrest. Komi til þess að dómur fallist ekki á aðalkröfu stefnanda en þess í stað varakröfu, veiti hún samkvæmt orðalagi sínu skyldu til sölu á helmingi lengri tilkynningarfresti en samkvæmt aðalkröfu.

Í fjórða lagi byggja stefndu kröfu um frávísun á því að dómsúrlausn í málinu á grundvelli kröfugerðar stefnanda yrði ekki endanleg úrlausn um sakarefnið eða ágreining aðila, í skilningi 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991. Stefndu hafi með bréfi sínu til stefnanda 23. desember 2010 borið fyrir sig öll þau vanefndaúrræði sem hvert um sig er ségreint og þeir telja tæk á grundvelli samninga-, kröfu- og váttryggingaréttar, vegna vanefnda stefnanda samkvæmt váttryggingunni og skilmálum hennar. Af þeim sökum sé ekki unnt að viðurkenna kröfu sem byggir á samningi sem stefndu hafa þegar lýst yfir að sé ógildur eða alltént að honum hafi verið rift miðað við 23. desember 2010. Stefnandi hafi með ófullnægjandi hætti tekið mið af þessari afstöðu stefndu í kröfugerð sinni þrátt fyrir að bréf þess efnis hafi verið afhent stefnanda 9 mánuðum fyrir þingfestingu máls þessa. Dómur um viðurkenningu samkvæmt kröfugerð stefnanda breyti ekki þeirri staðreynd. Ágreiningur málsaðila um umfang váttryggingarinnar, vernd og gildi hennar stæði auk þess eftir óleystur.

Loks byggja stefndu frávísunarkröfu sína vegna varakröfu stefnanda einnig á því að kröfugerð stefnanda uppfylli ekki kröfur um skýrleika sem áskilið sé í 25. gr. og 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, sbr. meginreglur einkamálaréttarfars um skýran og

glöggan málatilbúnað. Í varakröfu geri stefnandi kröfu um viðurkenningu á skyldu stefndu á sölu til stefnanda á allt að 72 mánaða tilkynningarfresti. Um greiðslu viðeigandi iðgjalds sé vísað til greinar A8 í III. kafla váttryggingarskilmála. Skilmálar váttryggingarinnar vísi hins vegar til þess að stefnandi kunni, eftir atvikum, að eiga rétt á að *óska eftir tilboði* frá váttryggjanda til kaupa á *allt að 72 mánaða* tilkynningarfresti. Stefnandi gæti, eftir atvikum, beðið stefndu um tilboð, en ákvæðið felur ekki í sér neina samsvarandi skyldu af hálfu stefndu til að veita, hvað þá að ganga frá samningum við stefnanda um tilkynningarfrest af þeim toga. Hér sé um viljayfirlýsingu að ræða, sem feli eftir atvikum í sér að váttryggjendur geti lagt fram tilboð, en engin slík skylda sé fyrir hendi af þeirra hálfu. Þá kunni hugsanlega að verða samið um frekari skilmála tryggingarverndar, þ.m.t. fjárhæð iðgjalds. Enn fremur sé fjárhæð iðgjalds ekki tilgreind í varakröfu stefnanda, en aðeins vísað með óskýrum hætti til ákvæða váttryggingaskilmála. Dómkrafa stefnanda sé af þeim sökum alls ekki í samræmi við skýrt orðalag nefndrar greinar A8 í III. kafla váttryggingarskilmála og uppfylli ekki fyrrnefnda kröfu um skýrleika og rökstuðning. Dóminum sé því ómögulegt að verða við henni.

Að öðru leyti vísa stefndu til sömu málsástæðna um frávísun varakröfu og færðar eru fram að ofan varðandi frávísun aðalkröfu.

III

Þegar mál þetta var tekið fyrir 19. júní sl. benti dómari á með vísan til 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að vera kynni að gallar væru á málinu sem varðað gætu frávísun að hluta eða í heild án kröfu. Nánar tiltekið sá háttur á fyrirsvari og aðild þar sem einum meðlimi svokallaðra „syndicate“ samtaka er stefnt fyrir hönd ótilgreindra meðlima þeirra tiltekið reikningsár. Þá benti dómari enn fremur á að óskýrt virtist hver væri stefndi í þeim tilvikum þar sem í stefnu eru tilgreind tvö félög, s.s. í tilviki „Markel Capital Limited sem eina meðlimnum í samtökum 3000 (syndicate 3000) fyrir reikningsárið 2007 (for the 2007 year of account), Markel Syndicate Management Limited ...“ Loks að óljóst virtist hvort stefnandi byggði fyrirkomulag aðildar stefndu á íslenskum eða enskum rétti. Í sama þinghaldi lagði stefnandi m.a. fram álit breskrar lögmannsstofu frá 25. ágúst 2011 ásamt þýðingu og samning aðila frá 24. júní 2011 um niðurfellingu máls er stefnandi hafði áður höfðað og þingfest var 21. júní 2011. Þar segir m.a. að samningurinn sé bundinn því skilyrði að upplýsingarnar sem lögmennt stefndu afhendi um meðlimi samtaka sem tilgreina á sem varnaraðila séu réttar og að þær samrýmist íslenskum réttarsreglum um tilgreiningu varnaraðila. Málinu var frestað til 29. ágúst sl. til flutnings um hvort vísa bæri málinu frá. Málinu var aftur frestað utan réttar að beiðni lögmanns stefnda og með samþykki lögmanns stefnanda til 9. nóvember sl. en áður boðaður tími til málflutnings 1. október sl. hafði heldur ekki hentað lögmanni stefndu.

Áður en málflutningur fór fram 9. nóvember sl. lagði lögmaður stefnanda fram skriflega bókun vegna málsins sem lögmaðurinn sagði að hefði m.a. að geyma heildarlista yfir alla stefndu, þ.á m. þá meðlimi svokallaðra Syndicate samtaka, sem ekki væru tilgreindir með nafni í stefnu. Lögmennt aðila óskuðu eftir því að varnaraðild málsins yrði tilgreind með þeim hætti sem fram kæmi í bókuninni, þ.e. að til viðbótar framangreindum nafngreindu stefndu verði tilgreindir með nafni allir

meðlimir viðkomandi samtaka, sem samtals eru 2305 talsins. Þá kvaðst lögmaður stefndu vera með málssóknarumboð frá þessum aðilum sem ekki væru nafngreindir í stefnu. Lögmaðurinn hefði fengið umboðið frá umboðsmanni þeirra í Bretlandi, lögmannsstofunni Mayer Brown, nánar tiltekið á upphafsstigum málsins en nú nýlega fengið staðfestingu á því.

Í fyrrgreindri bókun segir m.a.: *Í stefnu er öllum meðlimum umræddra samtaka váttryggjenda stefnt. Þegar fleiri en einn meðlimur er í viðkomandi samtökum var farin sú leið að tilgreina einn einstakan meðlim sjálfs sín vegna og fyrir hönd allra annarra meðlima í viðkomandi samtökum. Þetta var gert þar sem hver einstakur meðlimur í viðkomandi samtökum er samkvæmt enskum rétti talinn vera með umboð til að vera í fyrirsvari fyrir aðra meðlimi samtakanna og dómur gegn einum meðlimi sem er stefnt með þessum hætti er því bindandi fyrir alla meðlimi samtakanna. Þetta er sérstaklega útskýrt á bls. 2 í stefnu málsins og jafnframt í bréfi bresku lögmannsstofunnar Addleshaw Goddard, dags. 25. ágúst 2011, sbr. 14. mgr., lið (2) (a) á dskj. nr. 95 og 96. Þá skal tekið fram að þessi aðferð hefur verið viðhöfð í framkvæmd vegna þess gífurlega óhagræðis sem leiðir af því að tilgreina með nafni alla meðlimi viðkomandi samtaka, en meðlimir þeirra samtaka váttryggjenda sem um er að ræða í máli þessu eru samtals 2305 talsins.*

Í sömu bókun bendir stefnandi einnig á að lögmaður stefndu hafi tekið til varna fyrir alla stefndu eins og þeir voru tilgreindir og hafi þannig frá upphafi verið mætt fyrir alla váttryggjendur í málinu, þ. á m. fyrir alla meðlimi umræddra váttryggingarsamtaka. Þeir hafi því allir átt þess kost frá upphafi að gæta hagsmuna sinna í málinu og skilað sameiginlegri greinargerð. Ekki sé ágreiningur milli málsaðila um varnaraðild. Því til stuðnings er vísað til fyrrgreinds samkomulags lögmannna aðila frá 24. júní 2011 sem stefnandi lagði fram 19. júní sl. Þá segir enn fremur í bókun stefnanda: *Með vísan til athugasemda héraðsdóms hefur lögmaður stefndu, að beiðni lögmanns stefnanda, aflað upplýsinga um alla þá meðlimi sem tilheyra þeim samtökum váttryggjenda sem standa að umræddri tryggingu og muni lögmaður stefndu með tilsvareandi uppfærslu aðildar taka til varna fyrir þessa aðila. Tekið skal fram að þessar upplýsingar hafa fram til þessa ekki verið stefnanda tiltækar. Með því að tilgreina alla meðlimi viðkomandi samtaka getur í öllu falli ekki verið nokkrum vafa undirorpið hvernig varnaraðild sé nákvæmlega háttað og óska málsaðilar þess sameiginlega að varnaraðild málsins verði tilgreind með ...“ framangreindum hætti.*

Sá háttur sem stefnandi hefur viðhaft við gerð stefnu og tilgreiningu sumra stefndu, þ.e. tilgreina m.a. sem stefndu einn nafngreindan aðila fyrir hönd allra annarra meðlima í samtökum 3245 (Syndicate 3245), samtökum 4000 (Syndicate 4000), samtökum 1400 (Syndicate 1400) og samtökum 386 (Syndicate 386) fyrir reikningsárið 2007, er lítt rökstuddur í stefnu. Þar er á engan hátt leitast við að útskýra eðli samtakanna og réttarstöðu meðlima þeirra s.s. með vísan til reglna og samninga er um þau gilda. Stefnandi lætur við það sitja að staðhæfa stuttlega um stöðu þeirra og meðlima þeirra samkvæmt enskum rétti svo sem útskýrt sé í bréfi frá bresku lögmannsstofunni Addleshaw Goddard eins og segir í stefnu.

Með fyrrgreindri bókun og við málflutning skírskotaði lögmaður stefnanda enn til ensks réttar um umboð einstakra meðlima framangreindra samtaka til að vera í fyrirsvari fyrir aðra meðlimi samtakanna og að dómur á hendur honum bindi alla meðlimi þeirra. Þessu til stuðnings vísaði lögmaður stefnanda til álits bresku

lögmannsstofunnar frá 25. ágúst 2011, sem hann lagði fram 19. júní sl., einkum þess er þar segir að hefðbundnari aðferð sé við málshöfðun gegn Lloyd's samtökum að velja eitt nafn af lista Lloyd's meðlima (helst fyrirtæki) og tilgreina þann meðlim sem varnaraðila „persónulega og fyrir hönd allra meðlima“ viðkomandi samtaka á því reikningsári sem um ræðir. Slík aðferð sé bindandi fyrir alla meðlimi samtakanna á viðkomandi reikningsári og birting stefnu sé talin hafa gildandi áhrif fyrir alla umrædda meðlimi. Stefnandi hefur á hinn bóginn á engan hátt leitast við að sýna sjálfstætt fram á slíkar heimildir, s.s. málsóknarumboð hinna nafngreindu meðlima viðkomandi samtaka samkvæmt samþykktum þeirra eða öðrum sérstökum samningi þannig að samræmist íslenskum réttarfarsreglum. Að þessu leyti er málatilbúnaður stefnanda vanreifaður og í andstöðu við e. og f. lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Mögulegt málsóknarumboð getur því ekki komið til skoðunar auk þess sem báðir aðilar málsins hafa nú krafist þess að hinir stefndu ónafngreindu aðilar viðkomandi samtaka verði nafngreindir sem stefndu samkvæmt fyrrgreindri bókun stefnanda.

Það er grundvallarskilyrði samkvæmt a. lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 að í stefnu skal greina svo glöggt sem verða má nafn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað og ef um lögaðila er að ræða nafn fyrirsvarsmanna, stöðu hans, heimili eða dvalarstaða, sbr. b. lið sama ákvæðis. Nafngreining aðila í stefnu er nauðsynleg til að ekki fari á milli mála hverjir eru aðilar dómsmáls, sbr. enn fremur reglu b. liðar 1. mgr. 114. gr. um að í forsendum dóms skal greina nöfn og heimili aðila. Fyrrgreindur brestur á tilgreiningu stefndu í samræmi við ákvæði a. og b lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 er andstöðu við þessi ófrávíkjanlegu ákvæði réttarfarslaga. Samkomulag aðila um þessa tilhögun andstætt reglum einkamálaréttarfars hefur því ekki þýðingu. Fyrir vikið er ekki unnt að líta svo á að hinum ónafngreindu meðlimum fyrrgreindra samtaka hafi verið stefnt með löglegum hætti og mál höfðað á hendur þeim enda þótt lögmaður hafi undirritað yfirlýsingu þess efnis á stefnu að honum sé nægilega birt f.h. allra sem hafi falið honum að sækja þing við þingfestingu málsins, í samræmi við 93. gr. laga nr. 91/991. Samkvæmt þessari niðurstöðu og með gagnályktun frá 3. mgr. 19. gr. um heimildir til höfðunar sakauka er ekki heimilt að fallast á þá kröfu stefnanda og stefndu í málinu að nú verði allir meðlimir viðkomandi samtaka tilgreindir með nafni sem stefndu.

Í stefnu er á því byggt að stefndu séu váttryggjendur samkvæmt umdeildri stjórnendatryggingu sem stefndi keypti og krafist er viðurkenningar á að stefndu sé skylt að selja stefnanda tilkynningarfrést, eins og nánar greinir í dómkröfum. Málatilbúnaður stefnanda er þannig byggður á því að allir váttryggjendurnir, einnig þeir meðlimir fyrrgreindra samtaka váttryggjenda sem komist hefur verið að niðurstöðu um að sé ekki löglega stefnt, beri óskipta skyldu að þessu leyti gagnvart honum. Nauðsyn ber því til samaðildar þeirra allra samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991.

Þegar alls þess er gætt, sem nú hefur verið rakið, verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu sjálfkrafa frá héraðsdómi samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991, án þess að fjalla þurfi um frávísunarástæður stefndu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Áslaug Björgvinsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Áslaug Björgvinsdóttir (sign.)